



Æskulýðsstarf Andvara 2006







Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit: Helstu styrktaraðilar veturinn 2005-2006	3
Helstu styrktaraðilar veturinn 2005-2006	4
Æskulýðsnefnd Andvara 2006	5
Bloggsíða æskulýðsnefndar	6
Áfram fyrirmyndarfélag	7
Val á efnilegasta knapa Andvara	7
Námskeið 2006	7
Kynningarfundur vegna námskeiða	7
Boðið var upp á þrenns konar námskeið í vetur.	8
Pollanámskeið	9
Knapamerki	9
Keppisnámskeið	9
Æfingabúðir	9
Fundur formanna æskulýðsnefnda 28. janúar	10
Styrktarball æskulýðsnefndar	10
Pizzakvöld 10. febrúar	11
Búningapartý 16. febrúar	11
Árshátíð unglinga 24. febrúar	11
Árshátíð barna 4. mars	11
Kaffihlaðborð á Vetrarleikunum 4. mars.	12
Æskan og hesturinn 12 -13 mars	12
Polladagurinn 2 apríl	14
Heimsókn frá Danmörku 9. til 14. apríl	14
7. – 8. Apríl undirbúningur heimsóknar	14
Sunnudaginn 9. Apríl / komudagur-móttaka	14
Mánudagurinn 10. apríl / Dagsferð um Suðurland	15
Þriðjudagurinn 11. apríl / reiðtúr í Heiðmörk	16
Miðvikudagurinn 12. apríl / reiðkennsla fyrir alla	16
Fimmtudagurinn 13. apríl -Skírdagur/ Vinamótið	17
Föstudagurinn 14. apríl / Bláa lónið- heimferð Dana	17
Áburðardagur-Umhverfisdagur 25. apríl	17
Æskulýðsdagur Andvara og Lýsis hf, 1. maí	18
Myndir frá Lýsismótinu 1.maí	19
Fákssýning 4. maí	20
Sameiginlegur reiðtúr æskulýðsnefnda á Hbsv., 20. maí	20
Spilakvöld 27.maí	21
Fjölskyldureiðtúrar á sunnudögum	21
Afhending knapamerkja og viðurkenninga 5. júní	21
Myndir frá knapamerkjum og afhendingu prófskírteina.	22
Óvissuferð 9. júní	23
Æfingabúðir í Skagafirði – Landsmót 2006	23
Myndir frá LM2006	24
Myndir frá heimsókn Dönsku ungmennanna	26
Dagsferðin 10. apríl :	26
Heiðmerkureiðtúrin 11.apríl:	28
Reiðkennsla og Keiluferð 12.apríl.	30
Vinamótið- 13.apríl.	32
Heimfarardagurinn- Bláa lónið 14.apríl.	34
Aukaefni:	35
Sögur frá Fjóni:	35
Sofie skriver:	35
Laura Nielsen skriver:	36

Vinna við skýrslu, söfnun gagna, ritvinnsla, grafísk vinnsla/ myndir, yfirllestur og prentun:
Sigríður M.Björgvinsdóttir og Sigurvaldi R.Hafsteinsson / © SMB / SRH

Helstu styrktaraðilar veturinn 2005-2006



Æskulýðsnefnd Andvara 2006

Starf nefndarinnar á árinu hefur verið annasamt og mjög mikið að gera. Verkefni okkar fólust í að halda úti miklu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi auk þess að skipuleggja námskeiðahald. Reynt var að deila verkefnum eftir því sem fólk hafði tök á og var fjölgað í nefndinni til að ná utanum starfið. Bloggsíðan gegndi áfram sínu hlutverki að auðvelda upplýsingaflæði nefndarinnar til foreldra og barna í félaginu. Utan hefðbundinnar dagskrár vetrarins var mikið að gera í vetur. Stór hópur frá hestamannafélaginu Skeifan á Fjöni kom í viku heimsókn og fór mikið þúður í undirbúning þeirrar heimsóknar og fjáröflun vegna hennar. Gjaldkeri nefndarinnar var duglegur að afla styrkja, bæði til að reka starfið og til að bjóða upp á veitingar á uppákomum. Lýsi hf, Vífilfell hf, Hrói Höttur, Vátryggingarfélag Íslands hf, Mjólkursamsalan, Góa -Linda, og Menntamálaráðuneytið styrktu æskulýðsnefnd í vetur með veglegum afsláttum, fjárstyrkjum og gjöfum og þakkar nefndin þann stuðning.

Eftirtaldir voru skráðir í æskulýðsnefnd Andvara veturinn 2005-2006 :

Formaður: Sigríður Magnea Björgvinsdóttir (Sirrý)

Gjaldkeri : Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson (Rabbi)

Aðrir nefndarmenn:

Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Lovísa Björk Júlíusdóttir

Brynja Viðarsdóttir

Ólafur Árnason (Óli)

Ragnhildur Helgadóttir (Ragga)

Jónas Már Gunnarsson

Kristín Bjarnadóttir

Ósk Sch. Thorsteinsson

Helga Barðadóttir

Bloggsíða æskulýðsnefndar

<http://andvarahopurinn.blogspot.com/>

Neðangreindri bloggsíðu var áfram haldið úti af æskulýðsnefnd til að hafa allar upplýsingar um dagskrá og uppákomur á vegum nefndarinnar á einum stað, fyrir æskulýð félagsins, foreldra og nefndarmenn.

Þetta fyrirkomulag reynist vel til að koma upplýsingum til foreldra og barna um breytingar á tímasetningum og til að minna á uppákomur á vegum nefndarinnar.

Auk síðunnar notaði nefndin sms skilaboð til að minna á fundi og uppákomur.

Umsjón og uppsetning bloggsíðu: Sigríður M. Björgvinsdóttir



Æskulýður Andvara

Þessi bloggsíða er ætluð æskulýðsnefnd Andvara og er stefnan að upplýsa og skemmta fólki með reglulegum pistlum og skoðanaskiptum um það sem er í gangi hjá okkur hverju sinni.

ABOUT ME

Name:
Sigríður Magnea
Björgvinsdóttir

Location:
Iceland

Æskulýðsnefnd 2006

FRIDJUDAGUR, JÚNÍ 06, 2006

Tilkynning til Landsmótskeppenda Andvara

Æskulýðsnefnd hefur skipulagt æfingabúðir fyrir keppendur Andvara (börn, unglunga og ungmenni sjá listann fyrir neðan) í Skagafirði. Æfingabúðirnar hefjast viku fyrir Landsmót og mun Sölvi Sigurðarson reiðkennari sjá um að þjálfa hópinn og undirbúa þau fyrir átökin. Við tókum einnig á leigu félagsheimilið Melsgil (fyrir börn og foreldra), þar er hægt að gista, elda og fara í sturtu en félagið greiðir fyrir þá aðstöðu. Ekki má gleyma hestunum en við höfum samið um aðstöðu fyrir hrossin á Flugumýri, keppendur þurfa að greiða fyrir hestinn sjálfir (ca. 7500 kr. á hest fyrir 2 vikur). Þeir sem vilja nýta sér þetta þurfa að mæta í Skagafjörðinn fyrir mánudaginn 19. júní en þann dag hefjast æfingar. Stjórn Andvara mun tilnefna umsjónarmann með Melsgili sem allir geta leitað til og auðvitað ganga allir vel um og verða félaginu til sóma. Stjórn félagsins mun einnig boða keppendur á fund með foreldrum til að fara yfir ýmis mál og svara spurningum. Við höfum með aðstöðu stjórnar greitt fyrir jakka merktu félaginu fyrir alla keppendur (líka varaknappa).

Við óskum ykkur alls hins besta og vonumst til að sjá ykkur sem flest í úrslitum :o)

kveðja Sirrý og Rabbi

Kynning á Æskulýðsstarfi Andvara í Garðabæ

Haldin var kynning fyrir forráðamenn í Garðabæ á því hve yfirgripsmikið æskulýðsstarf á sér stað í félaginu til að afla því aukins stuðnings. Á þann fund mættu fyrir hönd félagsins Þorvaldur formaður, Sigríður formaður æskulýðsnefndar og Karl Þráinsson gjaldkeri félagsins. Garðabær hefur lagt til 500.000 kr. á ári sem hafa farið í að greiða niður hluta námskeiðsgjalda en kostnaður við námskeiðin hefur hlaupið á 3,5 miljónum króna. Mjög mikil þátttaka er á reiðnámskeiðum á okkar vegum en u.þ.b. 44,5% félagsmanna undir 21. árs tóku þátt í námskeiðum. Annar fundur var haldinn með Stefáni Snæ Konráðssyni, bæjarfulltrúa í Garðabæ og framkvæmdastjóra ÍSÍ, til að freista þess að auka framlög bæjarins til starfsins.

Ýmsar uppákomur miða að því að börn og unglingar í félaginu kynnist á öðrum vettvangi en keppni. Hvatt er til að börn og unglingar taki virkan þátt í sjálfbodaðastarfi innan félagsins og öðlist skilning á mikilvægi þess starfs. Heimsókn barna og unglunga frá Danmörku var skipulögð en sami hópur tók á móti okkar unglingum 2005. Æfingabúðir voru skipulagðar fyrir fulltrúa okkar á Landsmóti 2006 auk þess sem sérstakt námskeið var haldið til undirbúnings fyrir þá sem vilja þjálfa hesta sína fyrir keppnisþátttöku. Við teljum íþróttastarf í eðli sínu vera góða forvörn og því mikilvægt að vanda til þess á allan hátt.

Áfram fyrir myndarfélag

Til að standa undir viðurkenningunni sem við fengum í fyrra sem „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ og freista þess að vinna á ný æskulýðsbikar LH var unnið í að bæta starfið enn frekar. Við settum okkur að huga vel að undirbúningi okkar þátttakenda á Landsmót 2006, taka veglega á móti dönskum hestakrökkum og kynna fyrir þeim land og þjóð og auka áhuga okkar barna á dönskunáminu í leiðinni auk venjulegrar dagskrár.



Val á efnilegasta knapa Andvara

Æskulýðsnefnd leggur til á hverju ári hvaða knapar úr röðum barna, unglunga eða ungmennta, félagsins, drengur og stúlka eru valdir efnilegastir. Tekið er til marga þátta við valið sem skiptist gróflega í 30% keppnisþátttaka, 30% ástundun, 30% þátttaka í starfi félagsins og 10% annað eftirtektarvert = 100%.

Til að valið yrði sem lýðræðislegast ákvað formaður æskulýðsnefndar að hafa atkvæðagreiðslu um málið og sendu nefndarmenn atkvæði sitt til hennar. Niðurstaðan var send stjórn og voru Lýdíu Þorgeirsdóttur og Má Jóhannssyni afhentur bikar á aðalfundi félagsins þann 28. nóvember en þau hlutu flestar tilnefningar sem efnilegustu knapar Andvara 2005.

Námskeið 2006

Í nóvember 2005 var settið yfir skipulagi námskeiða vetrarins 2006 og áætlun send í framhaldi af því til stjórnar varðandi notkun á reiðskemmu ásamt kostnaðaráætlun vegna námskeiðahalds 2006. Félagið greiddi á árinu að meðaltali niður um helming kostnaðar á hvern nemanda á námskeiði.

Kynningarfundur vegna námskeiða

Kynningarfundur á fyrirhuguðu námskeiðahaldi vetrarins var haldinn í félagsheimilinu 7. janúar. Þar kynnti æskulýðsnefnd starf vetrarins og reiðkennarar þau námskeið sem fyrirhuguð voru og svöruðu spurningum varðandi þau. Í framhaldi voru teknar niður skráningar á námskeið. Hvert námskeið stóð frá 10 vikum og í allt að 21. viku.

Boðið var upp á þrenns konar námskeið í vetur.

Barna- Pollanámskeið fyrir yngstu börnin, þar sem mest er unnið með jafnvægi barnanna á baki og stjórnun hestsins.

Knapamerkjanámskeið þar sem kennt er eftir námsskrá Hólaskóla er hefur umsjón með knapamerkjakerfinu en það er eina námsskráin fyrir reiðkennslu á Íslandi.

Að lokum var boðið upp á keppnisnámskeið sem miðaði að því að kenna hvernig þjálfun og uppbygging keppnishesta fer fram. Þessu námskeiði var ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir Landsmót hestamanna 2006.

Mikil þátttaka var í öllum námskeiðum og þurfti nefndin að afla fleiri tíma í reiðskemmuni til að anna eftirspurn. Leitað var til þeirra félagsmanna sem áttu frátekna tíma um að gefa þá eftir og gekk það vel. Félagið greiddi niður námskeiðsgjöld með árlegum styrk frá Garðabæ en hann nemur 500.000 kr. og þurfti félagið að leggja til það sem uppá vantaði til að endar næðu saman.

Námskeiðsgjöld innheimt af nemendum voru eftirfarandi:

Barna og pollanámskeið kr. 12.000	(fjöldi nemenda 25)
Grænt knapamerki kr. 15.000	(fjöldi nemenda 16)
Appelsínugult knapamerki kr. 18.000	(fjöldi nemenda 6)
Rautt knapamerki kr. 20.000	(fjöldi nemenda 22)
Keppnisnámskeið kr. 20.000	(fjöldi nemenda 35)

Í námskeiðsgjaldi knapamerkja voru innifalin: öll kennsla, afnot af reiðhöll, námskeiðsgögn og prófdómaragjald en mismunandi gjald tekur til mismargra kennslustunda í hverju merki.

Alls var þátttaka í námskeiðum félagsins 104 einingar en sumir sóttu bæði knapamerkja- og keppnisnámskeið. Nemendafjöldi var 89. Biðlistar á námskeið mynduðust eftir að reiðkennsla hófst og til að mæta þeirri þörf og nýta áfram frátekna reiðhallartíma voru sett upp ný pollanámskeið og grænt knapamerkjanámskeið eftir að þeim fyrri lauk.

Hér er um að ræða um 19% allra félagsmanna í Andvara sem er líklega hæsta hlutfall sem um getur. Ráðnir voru til félagsins tveir reiðkennarar til að sinna kennslu á námskeiðunum og voru það Sigrún Sigurðardóttir sem sá um knapamerkjanámskeiðin en hún er talin reyndasti kennari landsins á þessu sviði að mati Hólaskóla og Sölvi Sigurðarson sem sá um keppnisnámskeið auk þess að þjálfra landsmótsfara okkar í æfingabúðum í Skagafirði fyrir landsmótið. Umsjón og ut anumhald með námskeiðum var í höndum Sigríðar formanns og Rabba en þau sáu um ut anumhald, uppsetningu lista, tölvuvinnslu, prentun gagna, samskipti við foreldra / kennara, Kjóavelli ehf sem og Hólaskóla auk allra annarra snúninga er að námskeiðunum lutu.

Pollanámskeið

Á pollanámskeiðum eru börn á aldrinum 5-11 ára en aldursmörkin eru sveigjanleg. Bæði tengist það reynslu barnanna og kunnáttu og svo þátttöku foreldra ef börnin eru ung og áhugasöm en þurfa aðstoð til að vera með. Reiðkennari tekur mið af ofangreindu við skiptingu í hópa. Sigrún Sigurðardóttir var reiðkennari á þessum námskeiðum.

Knapamerki

Kennd voru grænt, appelsínugult og rautt knapamerki en stefnt er að því að kenna öll merkin fimm þ.a. þeir sem byrjuðu geti bætt við sig einu merki á hverju ári. Knapamerkin eru fimm og innihalda stigvaxandi þekkingu sem hvert byggir á merkinu á undan. Merkin eru grænt, appelsínugult, rautt, gult og blátt.

Þessi námskeið krefjast mikils af þátttakendum sem þurfa í dag að hafa náð 12 ára aldri til að geta byrjað á fyrsta stiginu. Tekin eru bókleg og verkleg próf að vori og þurfa nemendur að ná meðaleinkunn 7 til að ná prófinu og fá viðurkenningu Hólaskóla sem er staðfest prófskírteini auk knapamerkisins sjálfs. Sigrún Sigurðardóttir var reiðkennari á öllum knapamerkjanámskeiðum félagsins og naut hún aðstoðar Elísabetar Sveinsdóttur kennara sem sá um bóklega hlutann. Kennsla hófst 9.janúar og var knapamerkjanámskeiðum ekki lokið fyrr en í byrjun júní er síðustu próf voru tekin.

Keppnisnámskeið

Ákveðið var að halda sérstakt keppnisnámskeið fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem hefðu áhuga á að undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir og Landsmótið 2006. Sölvi Sigurðarson reiðkennari sá um kennslu á þessu námskeiði sem miðaði að því að undirbúa hesta og knapa sem best fyrir átök í keppni. Alls voru 35 þátttakendur á keppnisnámskeiði en kennt var í 5 manna hópum einu sinni í viku frá 9. janúar til vors.

Æfingabúðir

Til að undirbúa sem best okkar keppendur undir Landsmót hestamanna í Skagafirði 2006 var ákveðið að skipuleggja Æfingabúðir viku fyrir Landsmót. Í samráði við Sölva Sigurðarson reiðkennara var ákveðið að staðsetja þessar búðir í Skagafirði til að hafa aðgang að sjálfum keppnisvöllunum. Tekið var á leigu félagsheimilið Melsgil til að hafa inniaðstöðu fyrir keppendur og foreldra enda getur brugðist til beggja vona með veður. Þar er gistiaðstaða auk eldhúss og hreinlætisaðstöðu. Við pöntuðum einnig aðstöðu fyrir keppnishross að Flugumýri hjá Ingimar Jónssyni bæði úti og inni ef nauðsyn bæri til að hýsa hross vegna veðurs. Það var okkar mat að betra væri að hafa bæði hross og börn í hæfilegri fjarlægð frá erli Landsmótsins sjálfs enda mikilvægt að hvílast vel fyrir átök keppnisvallarins. Mikil ánægja var meðal keppenda og foreldra með þetta framtak. Aðstaða í Melsgili er til fyrirmyndar og mjög góð aðstaða er fyrir hross á Flugumýri.

Umsjón: Sirrý / Rabbi

Fundur formanna æskulýðsnefnda 28. janúar

Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér síaukið samstarf og má þar nefna árshátíðir bæði barna og unglunga auk sameiginlegs reiðtúrs sem bryddað var upp á fyrir fáum árum og við viljum festa í sessi. Knapamerkjanámskeið eru stór þáttur í starfi æskulýðsnefnda. Mikið utanumhald og skipulag fylgir svona námskeiðahaldi auk þess sem halda þarf kostnaði í lágmarki enda greiða félögin niður námskeiðsgjöldin. Þegar ný útgáfa knapamerkja var fyrirhuguð frá Hólaskóla kynntum við okkur þær breytingar sem þeim fylgdu en þær fólust meðal annars í mikilli fjölgun kennslustunda í öllum stigum. Sirrý í Andvara hafði því samband við formenn æskulýðsnefnda annarra félaga á höfuðborgarsvæðinu um að halda fund og skoða þetta mál saman. Úr varð að haldinn var fundur í hesthúsi Helgu B. Helgadóttur í Fákí. Þar var farið yfir á hvaða sviðum við gætum haft samstarf öllum til gagns auk þess að ræða um knapamerkjakerfið. Þessi fundur var mjög gagnlegur og gaman að því hvað hópurinn er samstíga en í framhaldinu samdi Sirrý ályktun til Hólaskóla fyrir hönd hópsins. Þar bentum við m.a. á að tímafjöldi í hverju merki þyrfti að rúmast innan þess tíma sem fólk tekur almennt á hús m.v. að kenndur sé einn verklegur tími í viku. Við teljum að þessi námskeið verði að öðrum kosti svo dýr að þau standi í raun ekki öllum til boða. Svör við þeirri ályktun hafa enn ekki borist.

Umsjón: Sirrý

Styrktarball æskulýðsnefndar

Þann 28. janúar var haldið styrktarball í félagsheimilinu til fjármögnunar æskulýðsstarfi vetrarins með eftirfarandi dagskrá:

1. Húsið opnaði kl. 22 með kórsöng hestamannakórsins Brokk-kórinn
2. Tveir ungir trúbadúrar úr Gusti tóku nokkur lög
3. Hljómsveitin Signia lék fyrir dansi til kl. 3.

Allir þessir aðilar gáfu vinnu sína í þágu málefnisins. Vífilfell lagði til gosdrykki, okkur að kostnaðarlausu. Auglýst var á bloggsíðu nefndarinnar auk auglýsinga á www.andvari.is, www.eiðfaxi.is og www.847.is. Bornir voru að auki út dreifimiðar í öll hesthúsahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Þessi frábæra hljómsveit var nú í annað sinn að styrkja æskulýðsstarfið okkar með vinnu sinni auk þess sem bæði kórinn og hinir ungu tónlistarmenn úr Gusti gáfu sína vinnu.

Umsjón: Sirrý / Rabbi



Hljómsveitin Signia í félagsheimili Andvara 28.jan 06

Pizzakvöld 10. febrúar

Hefð er orðin fyrir því að halda pizzakvöld fyrir unglinga og ungmenni félagsins. Svona uppákomur hafa reynst tilvaldar til að brjóta ísinn fyrir nýja félaga í Andvarahópnum og kynnast öðrum unglingum í félaginu. Góð mæting var en 25 unglingar spiluðu „Actionary“ og skiptust 2 lið á að leika þau orð sem voru dregin við mikla kátínu viðstaddra. Æskulýðsnefnd bauð upp á pizzur frá Hróa og Vífilfell styrkti okkur með gosdrykkina. Pizzurnar brögðuðust vel og horfði hópurinn saman á spólu á meðan, auðvitað hestatengt efni, hvað annað?

Umsjón: Sirrý /Rabbi

Búningapartý 16. febrúar

Haldið var árlegt búningapartý fyrir 12 ára og yngri í félagsheimilinu þann 16. febrúar kl. 16:30-19:30. Margir mættu í skemmtilegum búningum en þessi viðburður er ætlaður til að hrista saman krakkana og hjálpa nýjum Andvarakrökkum að kynnast öðrum krökkum í félaginu. Farið var í leiki og pizzur snæddar af hjartans list enda allir orðnir svangir eftir skemmtilega stund. Æskulýðsnefnd bauð upp á pizzur og gosið lagði Vífilfell okkur til.

Umsjón: Sigurey/Lovísa



5 Ofurhetjur samankomnar



Fleiri komust ekki í stigann

Árshátíð unglinga 24. febrúar

Árshátíð unglinga var haldin í félagsheimili Fáks og tókst vel að vanda. Haldið var happdrætti með vinningum sem gefnir voru af ýmsum fyrirtækjum, diskótekari mætti með „SingStar“ og var mikil og góð stemming þar sem unglingarnir spreyttu sig á söngnum. Alls mættu um 60 unglingar frá hestamannafélagunum á höfuðborgarsvæðinu.

Umsjón: Lovísa

Árshátíð barna 4. mars

Árshátíð var haldin í félagsheimili Harðarmanna að Harðarbóli og var margt í boði. Skemmtiatriði, Lalli töframaður kom í heimsókn og diskótek eftir matinn. Ekki var minna gaman hjá börnunum en unglingunum.

Umsjón: Sigurey

Kaffihlaðborð á Vetrarleikunum 4. mars.

Æskulýðsnefnd stóð fyrir kaffihlaðborði á vetrarleikum Andvara laugardaginn 4. mars. Margir félagsmenn lögðu til bakkelsi en auk þess keypti nefndin inn það sem upp á vantaði. Opnað var í kaffið kl. 13 og stóð veislan til kl. 18 og var vel mætt eftir mótið en verðlaunaafhendingin fór fram í félagsheimilinu.

Umsjón: Sirrý, Rabbi, Sigurey, Lovísa

Æskan og hesturinn 12 -13 mars

22. janúar var haldin úrtaka í reiðskemmumni fyrir sýninguna „Æskan og hesturinn 2006“. 13 börn og unglingar mættu í þessa úrtöku en áður höfðu þau sem oft hafa tekið þátt í þessum viðburði og eru eldri en 18 ára verið beðin að halda sig til hlés. Stefna æskulýðsnefndar er að allir fái hlutverk í þessari sýningu sem vilja og því mikilvægt að ekki séu alltaf þeir sömu sem eru með ár eftir ár. Um er að ræða margar sýningar og miskrefjandi hlutverk og því auðvelt að koma því við. Halla María Þórðardóttir, ungur félagsmaður sem oft hefur tekið þátt í þessum viðburði sjálf tók að sér að útfæra atriði og þjálfar hópinn. Skemmst er frá því að segja að Höllu Maríu tókst vel upp með atriðið í ár sem hafði þemað „ABBA“. Foreldrar og nefndarmenn lögðust á eitt við að skipuleggja flutninga á hestum eins og fyrri ár. Þorsteinn Pálsson (Steini Páls) okkar dyggi félagsmaður mætti með Rauðu rútuna sína og þar voru bækistöðvar Andvarakrakka enda gott að komast í hlýjuna og fá sér í svanginn milli sýninga. Búningar voru skipulagðir af sjálfum þátttakendum með Höllu í forsvari, litríkir og skemmtilegir eins og þemað gefur tilefni til og myndirnar sýna. Uppskeran var glaðir og ánægðir krakkar og unglingar sem öll gerðu sitt besta. Að loknum sýningum á sunnudag bauð æskulýðsnefnd öllum úr Andvara sem þátt tóku sýningunni auk þjálfaranna upp á pizzaveislu í félagsheimilinu.

Umsjón: Brynja, Óli og Ragga ofl.



Vigreifur flokkur



Abba-gengið



Beðið eftir innkomu



Gert klárt í rútunni



Steini Páls



Rauða rútan hans Steina



Hestar gerðir klárir



Halla María yfirþjálfari

Polladagurinn 2 apríl.

Polladagur er tileinkaður yngstu iðkendum í félaginu en dagurinn á að vera til skemmtunar. Byrjað var á Andvara-rattleik þar sem börnin áttu að finna sex vísbendingar og leysa þrautir hér og þar um hesthúsahverfið eða þangað til þau fundu fjársjóðinn. Þetta gekk stórvel en í framhaldinu var farið inn í Reiðhöll þar sem boðið var upp á heitt kakó, svala og prins póló ásamt því að borða fjársjóðinn (bland í poka). Næst var farið í stígvélaspark þar sem keppt var í lengsta sparkinu og frumlegasta sparkinu. Þá tók við boðhlaup með dekk sem var stórskemmtileg keppni þar sem ungir og gamlir tóku á því. Eftir vel heppnaðan dag fóru þreyttir og glaðir krakkar heim.

Umsjón: Jónas og Ragga

Heimsókn frá Danmörku 9. til 14. apríl



7. – 8. Apríl undirbúningur heimsóknar

Unnið var við að þrifa og undirbúa félagsheimilið sem íverustað 13 danskra gesta sem þar ætluðu að búa en búið var að koma öðrum úr hópnum fyrir hjá fjölskyldum þeirra sem fóru til Danmerkur á okkar vegum í fyrra. Sirrý, Rabbi, Kristín og Lovísa sáu um þetta en þrifa þurfti innréttingar að utan sem innan, affrysta ísskápa, þvo allt leirtau og svo framvegis. Rabbi verslaði kost sem síðan var komið fyrir í nýþrifnum ískápum. Vífilfell lagði okkur til 240 dósir af ýmsum gosdrykkjum og Mjólkursamsalan lagði okkur til um 300 dósir af sinni framleiðslu. Matthías Pétursson fyrrverandi formaður félagsins reddaði 30 dýnum til að sofa á, Kristín og Ósk komu með rafmagns ofna til vara og Kalli gjaldkeri félagsins kom með hreinsiefni og fór með í þvott tuskur og annað lín. Öllu lokið og klárt kl. 22.

Rabbi gekk í að fá tilboð í og láta framleiða peysur með áprentuðu merki / nafni félagsins en okkar fólki hafði verið boðnar félagspeysur Skeifunnar síðastliðið sumar. Gott tilboð fékkst frá Mörgu smáu ehf. (áður Bolur ehf.) og voru keyptar um 60 peysur og seldar þeim Dönnum sem vildu sem og félagsmönnum á kostnaðarverði.

Sunnudaginn 9. Apríl / komudagur-móttaka

Dönsku gestirnir, 28 manna hópur að fararstjórum meðtöldum, komu í dag og fór rúta frá félagsheimilinu með móttökunefnd innanborðs að sækja þau.

Margir voru í fermingarveislum þennan dag og því uppteknir en þetta tókst með góðri samvinnu með aðstoð foreldra. Matthías Pétursson (fv.formaður) fór ásamt hópi ungmenna út á flugvöll vopnaður félagsfána og tókst móttakan í Leifsstöð með ágætum. Komið var til baka að Kjóavöllum um kaffileytið en þar beið Kristín ásamt fleirum með nýbakaðar vöfflur með rjóma og kakó. Þetta fyrsta kvöld á Íslandi gistu allur hópurinn í félagsheimilinu, bæði Danir og Íslendingar. Það var gert til að hrista hópinn saman strax og auðvelda ákvarðanir um hverjir myndu

gista heima hjá hverjum í framhaldinu. Ætlunin var að Danirnir gistu tveir saman á hverju heimili. Haldin var kvöldvaka með pizzaveislu og gosi í kvöldmat í boði Æskulýðsnefndar. Sirrý, Rabbi, Matthías Pétursson, Margrét Tómasdóttir og Kristín voru á svæðinu fram yfir miðnætti en alls gistu í félagsheimilinu um 40 manns þessa nótt.

Mánudagurinn 10.apríl / Dagsferð um Suðurland

Þennan dag var farin ferð austur í sveit með allan hópinn. Eftir staðgóðan morgunverð í félagsheimilinu var lagt var af stað austur kl. 9 og var hvert sæti (53 alls) skipað í rútunni. Með í för voru frá Æskulýðsnefnd, Sirrý, Rabbi, Jónas og Ragga. Matthías og Margrét (fv. Formaður Andvara og frú) hittu okkur síðar um daginn og voru í för með okkur til loka á einkabíl. Farið var sem leið lá um Mosfellsheiði að Þingvöllum, gengið niður almannagjá og saga staðarins kynnt gestum okkar. Drekkingarhylur og peningagjá voru einnig skoðuð en veður var með þeim hætti þennan dag að það rigndi mest meðan við vorum í rútunni á ferð en stytta upp þegar við vorum í áningum að skoða okkur um rétt eins og gerður hafi verið samningur við Kára. Ekið sem leið lá gegn um Þjóðgarðinn en Lyngdalsheiðin var lokuð svo krækja þurfti niður fyrir á leið okkar að Gullfossi og Geysi. Stutt stopp var gert í Reykholti og næst áð við Gullfoss. Mikið vatn var í Hvítá og Fossinn því tilkomumikill þennan dag. Flestir gengu alla leið niður á klettasnösina við fossinn og þótti gestum okkar mikið til koma auk þess sem nokkrir Íslendingar í hópnum voru að koma þarna í fyrsta sinn. Næst var haldið að Geysi í Haukadal og svæðið skoðað, sagan kynnt og síðan snæddur léttur hádegisverður að hætti hvers og eins. Áfram var haldið og ekið sem leið lá hjá Skálholti, gegnum Laugarás og áfram austur að Þjóðólshaga þar sem Sigurður Sigurðarson heimsmeistari í fjörgangi með meiru tók á móti hópnum. Sigurður tók vel á móti okkur og byrjaði á að sýna okkur stærsta hest á Íslandi í hesthúsi sínu en hann mælist 168cm á stöng. Siggí hélt okkur fyrirlestur og lagði síðan á Ægi frá Litla-Landi og efnilega bleika hryssu. Hann hélt síðan sýningu á þeim með aðstoðarkonu sinni fyrir okkur. Ægir heillaði alla mjög með fasi sínu og var mikið tekið af myndum af honum.

Áfram var haldið og nú stefnt á Ármót í heimsókn til Hafliða Halldórssonar sem einnig tók vel á móti okkur. Hann sýndi okkur hesthúsið og hestakostinn og hélt góða tölu þar um á ágætri „skandínávísku“. Að auki var smá sýning í reiðhöllinni þar sem ótamin 4ra vetra Orradóttir var okkur sýnd. Hópurinn snæddi kvöldverð á staðnum og var síðan haldið í Austurkot til að heimsækja Pál Braga og Hugrúnu en sérstök ósk hafði komið frá Danska hópnum um það.

Viðtökur voru ekki síðri þar þótt Páll Bragi væri grasekkill, þar sem Hugrún var erlendis við kennslu. Hann hélt fyrirlestur og sýndi hópnum gæðinga í hesthúsinu. Við fengum einnig góða sýningu í reiðskemmunni þar sem Páll Bragi fór gegnum ýmsar fimíæfingar sem notaðar eru til að byggja upp mýkt og styrk sem nýtist vel bæti fyrir keppnishross og reiðhross. Þetta atriði kom sterkt inn þar sem Andvarakrakkar hafa verið að vinna í einmitt þessum atriðum í vetur á námskeiðum félagsins og spunnust heilmiklar umræður um þessa sýningu. Að lokum bauð Páll okkur til kaffistofu í léttar veitingar og umræður.

Þegar hér var komið sögu var klukkan orðin 22 og langur dagur að baki enda var það lúinn hópur sem renndi í hlaðið á Kjóavöllum er klukkan var að slá hálf tólf. Á móti okkur tók hópur foreldra sem hýstu samtals 15 Dani meðan á heimsókn

Þeirra stóð en alls 13 gistu í félagsheimilinu allan tímann. Sirrý og Rabbi sáu um að hópurnir í félagsheimilinu hefði allt sem þurfti auk þess að keyra þeim í sund. Íslenskar sundlaugar slógu rækilega í gegn hjá öllum gestunum og stundum farnar tvær ferðir á dag í sundlaugina.

Þriðjudagurinn 11.apríl / reiðtúr í Heiðmörk

Þennan dag var farið í reiðtúr með allan danska hópinn, alla Andvarakrakka og fullorðna sem vildu koma með. Uppúr hádegi voru hestar mátaðir fram og til baka þar til allir höfðu fundið rétta hestinn og hnakkinn. Við höfðum fengið lánaða hesta hjá mörgum félagsmönnum og það sem upp á vantaði brúaði Rabbi í Topphestum. Um kl. 14:30 var lagt af stað með um 60 manna hóp áleiðis í Heiðmörk, upp skarð og áfram veginn að fyrstu áningu í Heiðmörk þar sem var áð stutta stund. Áfram var haldið alla leið á Hjallaflátir en þar fengu allir hressingu. Í boði voru samlokur og kex sem rennt var niður með ávaxtasafa, gosi og kaffi í blíðskaparveðri. Rabbi sá um að færa okkur nestið sem við höfðum hjálpast að við að smyrja áður en lagt var í hann. Eftir góða áningu var haldið áfram í átt að Gjármótum en beygt inn á nýja reiðveginn sem liggur gegnum hraunið að Flóttamannavegi. Þessi vegur er mjög skemmtilegur, fjölbreyttur og fallegt umhverfi. Áfram var haldið inn á Flóttamannaveg þar sem áð var í síðasta sinn góða stund því teygst hafði úr hópnum. Við riðum að lokum sem leið liggur framhjá Vífilstaðavatni að Kjóavöllum. Ferðin var um 3 klst. og voru allir mjög ánægðir eftir þennan túr. Það sem eftir lifði dags var frjáls tími og fóru krakkarnir því með sínum gístiforeldrum. Okkar hópur í félagheimilinu var selfluttur í Salalaug og notuðum við tímann til að elda meðan þau voru þar. Eftir góðan kvöldverð vildu flestir hvíla sig enda fyrsti frjálsi tíminn frá því þau komu. Við lánuðum fullorðnu Dönunum bíl til að auka frelsi þeirra til að skjótast í sund og annað og voru þau mjög ánægð með það enda langt í strætó.

Miðvikudagurinn 12.apríl / reiðkennsla fyrir alla

Í dag var skipulögð reiðkennsla fyrir allan hópinn til að undirbúa vinamótið daginn eftir. Margir góðir hestar voru fengnir að láni undir gestina okkar og vilji til að senda þau heim með sem flest verðlaun. Við byrjuðum á hádegi með því að finna hross og prófa en reiðkennsla hófst kl. 13 og stóð til kl. 17. Kennnt var í reiðhöllinni þar sem kennararnir Sigrún Sig. og Sölvi Sig. leiðbeindu og kenndu með það fyrir augum að hver og einn knapi kæmi sem best út. Dagurinn var svo endaður með reiðtúrum sem hver og ein fjölskylda skipulagði með sínum gestum. Sirrý fór með alla sem voru í félagsheimilinu í reiðtúr með aðstoð Topphesta um Leirdalinn og heppnaðist það mjög vel. Rabbi selflutti svo hópinn í og úr Salalaug eftir matinn.

Fimmtudagurinn 13. apríl -Skírdagur/ Vinamótið

Vinamót krakka úr Andvara annars vegar og Skeifu á Fjóni hins vegar hófst kl. 12. Keppt var í tveimur flokkum, minna vanir og meira vanir. Kristín sá um að allir keppendur væru með réttan fótabúnað og aðrar græjur áður en riðið var í braut. Allt gekk samkvæmt áætlun og var mótinu lokið um kl. 15. Verðlaunaafhending var í félagsheimilinu í framhaldi af því með tilheyrandi súkkulaðitertum sem Margrét Tómasdóttir bakaði fyrir hópinn. Flestir verðlaunapeningarnir sem og báðir bikararnir fóru til gesta okkar og var það vel. Allir þátttakendur á mótinu fengu áritað viðurkenningarskjal um þátttöku sína. Deginum lauk síðan með reiðtúrum kring um Elliðavatn og fóru Rabbi og Sirrý með Danina 13 í Salalaug en það var eindregin ósk þeirra að fara þangað enn á ný, svo mikillar hylli naut laugin. Sirrý hafði græjaði bakaðan fisk í hádegismatinn en þar sem í dag var skírdagur og síðasta kvöld gesta okkar á Íslandi var haldin smá veisla um kvöldið í félagsheimilinu fyrir þá 13 sem þar gistu. Risasteik var elduð sem dugði fyrir alla, brúnaðar kartöflur, salat og sósa. Ekta íslenskur eftirréttur á eftir, ís með súkkulaðisósu og rjóma. Þetta beið sundgarpanna er þeir komu úr sundi. Úr þessu varð mjög skemmtilegt kvöld og mikið skrafað fram undir miðnætti.

Föstudagurinn 14. apríl / Bláa lónið- heimferð Dana

Heimfarardagurinn rann upp með ekta íslenskri rigningu en þrátt fyrir það voru dönsku gestirnir okkar ekki tilbúnir að fara heim og vildu gjarnan vera lengur. Lagt var af stað í rútu frá Kjóavöllum kl. 9 um morguninn og stefnan tekið á Bláa Lónið. Með í för voru Sirrý og Rabbi auk hóps af Andvarabörnum og unglingum. Við vorum mætt í Bláa lónið á slaginu 10 og allur hópurinn tékkaður inn. Þar var dvalið í góðu yfirlæti þar til nauðsynlegt var að halda af stað til Keflavíkur svo hópurinn næði flugi.

Það var erfið kveðjustund og löng í Leifsstöð og mikið rætt um að fá okkur í heimsókn á næsta ári. Þau buðu þau okkur formlega í heimsókn til Fjóns næsta sumar (2007) og lofuðu góðum viðtökum. Við leggjum til að þessum vinaböndum verði haldið við enda þroskandi og skemmtilegt fyrir hestakrakka að kynnst erlendum knöpum og öðrum sjónarmiðum auk þess sem áhugi á dönsku hefur aukist mikið hjá þessum hópi. Rabbi skrifaði á geisladiska handa öllum gestum okkar og voru þar allar þær myndir sem hann hafði tekið meðan á heimsókninni stóð alls 765 stk. Nokkur hluti þeirra er einnig aðgengilegar á vef félagsins. Öllum Dönunum voru gefin páskaegg sem kveðjugjöf en Helgi í Góu styrkti okkur með því að gefa þau páskaegg sem til þurfti.

Áburðardagur-Umhverfisdagur 25. apríl

Umhverfisnefnd Andvara fékk aðstoð allra í félaginu við hreinsun og áburðardreifingu á svæði félagsins þennan dag og tóku allir sem vettlingi gátu valdið þátt í því. Eftir miklar tiltektir og hreinsunarstarf bauð umhverfisnefnd svöngum og duglegum þátttakendum upp á pizzur og gos.



Lýsismótið 1.maí 2006

Æskulýðsdagur Andvara og Lýsi hf, 1. maí

Lýsisleikarnir voru háðir mánudaginn 1.maí í ágætis verðri en reyndar fengum við sýnishorn af ýmsum verðarbrigðum þann dag. Leikarnir hófust kl. 12 og var byrjað á Pollaflokki en þá var besta veðrið. Í þessum flokki kepptu 10 einstaklingar sem er óvenju hátt hlutfall og gladdi okkur mjög. Næst var barnaflokkur með 9 þátttakendum og í kjölfarið fylgdu 16 unglingar og að lokum 5 ungmenni. Fimm fyrstu sæti í hverjum flokki fengu verðlaunapening og að auki fékk 1. sæti fallegan eignarbikar. Allir þátttakendur fengu auðvitað Krakkalýsi en þar fyrir utan fengu 1.-5. sæti : 5litra af fódurlýsi fyrir hrossin sín. Lýsi hf. var styrktaraðili dagsins og studdi myndarlega við bakið á okkur, bæði með fjárframlagi og lagði til allt það lýsi sem til þurfti og kunnum við þeim þakkir fyrir.

Að lokinni keppni var farið í reiðhöllina. Þar voru leiktæki fyrir unga fólkið, Æskulýðsnefnd, Lýsi hf og Vífilfell. buðu upp á pylsur og gos fyrir alla. Að lokum var verðlaunaafhending í fyrir alla flokka og einnig fengu allir þeir sem ekki voru í fimm efstu sætunum í sínum flokkum þátttökupening og lýsi.

Þeir sem að deginum komu voru:

Sirrý og Rabbi sáu um skipulag, aðföng, verðlaunapeninga- bikara, úrvinnslu skráninga, skráningu á leikum, verðlaunaafhendingu, frágang í lok dagsins auk uppfærslu vefsvæða.

Þulur var Siggí Svavars, Lovísa aðstoðaði við úrvinnslu, innslátt einkunna og grillið á eftir.

Valtýr sá um fótaskoðun og að börnin væru tilbúin inn á völlinn.

Ragga og Jónas sáu um að redda leiktækjum og setja þau upp í höllinni.

Óli Árna og Rabbi sáu um hljóðkerfið.

Myndataka var í höndum Rabba.

Brynja Viðars var hliðvörður ásamt tengdasyni sínum og þau hjónin hjálpuðu síðan við frágang í höllinni eftir mótið.

Vigdís Tinna sá um ýmsa snúninga og reddingar tengdar mótinu.

Ritarar dómara voru: Íris Rut, Hugrún, Jóna og Kristín.

Dómarar voru:

Oddrún Ýr, Skorri Steingrímsson og Ágúst Hafsteinsson.

Aðrir sem einnig veittu ómetanlega aðstoð voru: Matthías Kjartansson sem lánaði okkur grillið sitt, Matthías G.Pétursson náði í grillið fyrir okkur, setti upp fánana og var boðinn og búinn að aðstoða á alla lund. Guðmunda hjálpaði til við verðlaunaafhendinguna og Þorgeir Björgvinsson var á grillinu

Umsjón: Sirrý / Rabbi

Myndir frá Lýsismótinu 1.maí



Lovísa , Sirrý og Siggí í dómpalli



Dómarar og ritarar þeirra



Óli hvetur sína til dáða



Margur er knár þótt hann sé smár



Framtíðarkeppnisfólk



Guðmunda afhendir verðlaun



Fákssýning 4. maí

Á fákssýningu vorsins var atriði þar sem formenn hestamannafélaga fóru ríðandi um salinn með tvo unga fulltrúa úr sínu félagi. Á vegum Andvara fóru Steinunn Elva Jónsdóttir 11 ára og Andri Ingason 12 ára en bæði eru færir knapar. Þess má geta að Steinunn lauk 3ja stigs (rautt) knapamerki í vor þrátt fyrir ungan aldur. Bæði sóttu þau keppnisnámskeið í vetur og æfingabúðir félagsins í Skagafirði og skiluðu þeim árangri að komast í A (Andri) og B (Steinunn) úrslit á landsmótinu.

Sameiginlegur reiðtúr æskulýðsnefnda á Hbsv., 20. maí

Í ár kom það í hlut æskulýðsnefndar Fáks að sjá um skipulagningu reiðtúrsins og veitingar. Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir dræma mætingu var gaman hjá þeim sem mættu en dagskráin var eftirfarandi:

1. Hópur hvers hestamannafélags hittist á Hjallaflötum kl.15, hver hópur sér um að setja upp rafgirðingu fyrir sinn hóp á svæðinu þar sem reiðvegurinn er, gengt leiksvæðinu, áður en farið er yfir veginn sem liggur til Gjármóta, en það svæði er ágætt til að beita á svo hrossin séu róleg á meðan við stoppum.
2. Skipt í lið og farið í leiki, þarna eru mörk svo tilvalið er að fara í fótbolta á þeim hluta og „brennó“ á hinum.
3. Uppúr kl.16 borða allir saman gos og pizzur í boði Fáks.
4. Syngjum saman þannig að hópur hvers hestamannafélags syngur eftirfarandi lag sem ég kenni ykkur á 1. mín.: sjá texta í skátaglag.bmp
5. Ef vilji er til að leika áfram eftir matinn og sönginn þá er það sjálfsagt, annars heldur hver hópur heim á leið.

Umsjón: Sigurey



Á Leið á Hjallaflatir

Spilakvöld 27.maí.

Í fyrra var í fyrsta sinn haldið spilakvöld fyrir krakka í Andvara og tókst það vel að leikurinn var endurtekinn í ár. Nokkrir mættu með uppáhaldsspilið sitt meðferðis og var spilað af hjartans lyst. Gos, poppkorn og nammi var í boði æskulýðsnefndar og Vífilfells. Þetta er kjörinn vettvangur til að kynnast öðrum hestakrökkum og skemmta sér saman utan hestamennskunnar.

Umsjón: Sirrý og Lovísa

Fjölskyldureiðtúrar á sunnudögum

Æskulýðsnefnd stóð fyrir fjölskyldureiðtúrum á sunnudögum. Lagt var af stað frá félagsheimilinu kl. 13:00 þegar veður leyfði og þátttaka var til staðar eða alls 4 sinnum í vetur. Við vonum að þetta tiltæki festi sig í sessi og þjappi saman félagsmönnum.

Umsjón Sirrý og Rabbi

Afhending knapamerkja og viðurkenninga 5. júní

Afhending knapamerkja fór fram í félagsheimilinu í framhaldi af gæðingamóti félagsins þar sem flestir eru á svæðinu á þeim tíma. Nefndin var með veitingasölu fyrir félagið í skúr á mótssvæðinu alla helgina sem gekk mjög vel. Okkur fannst tilvalið að hafa útskriftina við mótslok. Sirrý, Rabbi, Sigurey og Lovísa stóðu vaktina í veitingasölunni en einnig komu til aðstoðar unglingar í félaginu. Fyrri hluta maí mánaðar fór mikill tími í að undirbúa knapamerkjapróf og skipuleggja yfirsetu prófa og hér var komið að uppskerunni.

6. og 7. júní voru svo haldin endurtektarpróf knapamerkja fyrir þá sem ekki náðu að taka þau í fyrra skiptið. Þetta var gert til að koma til móts við þá sem ekki náðu prófi eða komust ekki á þeim tíma sem þau voru haldin. Útskriftin fór þannig fram að allir sem sóttu barna/pollanámskeið og keppnisnámskeið fengu viðurkenningu fyrir þátttöku og þeir sem luku knapamerkjaprófi fengu prófskírteini og merki frá Hólaskóla þar um. Boðið var upp á veglegar tertur, samlokur, gos og kaffi í tilefni dagsins og voru þeim gerð góð skil í lokin. Rabbi tók myndir af útskriftarhópunum sem stilltu sér upp með kennurum. Við notuðum tækifærið til að færa Höllu Maríu vandaða hestaábreiðu sem búið var að merkja henni. Hún hafði hannað og þjálfað sýningaratriði Andvara á sýningunni Æskan og hesturinn og þökkuum við henni frábært framlag. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar börn, unglingar og ungmenni gefa sér tíma til að vinna fyrir félagið sitt. Það er nauðsynlegt að þau telji það ekki eftir sér þar sem svona félög lifa beinlínis á sjálfboðavinnu. Okkur ber því að hvetja þau til þess. Að lokum voru æfingabúðir félagsins í tengslum við Landsmót í Skagafirði kynntar. Þær höfðum við skipulagt í samvinnu við Sölva Sigurðarson reiðkennara og konu hans Álfhildi Leifsdóttur.

Umsjón: Sirrý / Rabbi

Myndir frá knapamerkjum og afhendingu prófskírteina.



Frá knapamerkjaprófi



Nú þarf að vanda sig



Sölvi með hluta af hópnum sínum



Sigrún með hluta af þeim minnstu



Sírrý, Rabbi, Sigrún, Elísabet og Sölvi

Óvissuferð 9. júní

Þessari ferð var aflýst vegna ónógrar þátttöku og teljum við að tímasetning hennar hafi verið of nálægt sleppitúrum félagsmanna. Því verði að hafa slíkar uppkomur áður en gæðingamóti lýkur að vori. Fyrirhugað var að fara í heimsókn að Hvanneyri. Þar var ætlunin var að fara í „Bændafitness“, skoða staðinn, fá leiðsögn um skólann og sögu hans. Gisting var fyrirhuguð í Húsafelli og átti að grilla hamborgara ofan í hópinn þar, fara í sund og halda kvöldvöku. Heimsækja átti hestabú á heimleiðinni og er það von okkar að svona ferð verði farin á næsta ári í staðinn.

Æfingabúðir í Skagafirði – Landsmót 2006

Æfingabúðir voru skipulagðar 19. – 25. júní af Sirrý og Rabba. Hugmyndin var að skapa okkar keppendum sem bestar aðstæður á Landsmóti og þar með auka möguleika þeirra til að standa sig vel. Tekið var á leigu félagsheimilið Melsgil í Skagafirði frá 25.júní til 2.júlí og var það bækistöð hópsins til loka Landsmóts. Þar er bæði gisti og baðaðstaða auk eldhúss. Samið var við Ingimar á Flugumýri um að leigja þátttakendum beitarhólf fyrir hrossin og að einnig væri hægt væri að hýsa þau ef veður yrði slæmt. Þetta var ákveðið bæði til að okkar hópur væri óháður veðri og ekki síst til að allir fengju góðan svefn þegar nær drægi helgi. Þetta er nauðsynlegt því alltaf er mikið um glaum og gleði sem stendur fram á morgun á Landsmótum eins og hestamenn þekkja. Sölvi Sigurðarson reiðkennari var ráðinn til að þjálfra hópinn og undirbúa fyrir átökin á vellinum. Sölvi var eins og fram hefur komið með keppnisnámskeið í vetur hjá félaginu. Hann þekkti því vel til flestra hesta og knapa. Sölvi var okkar knöpum einnig til aðstoðar sjálfa landsmótsvikuna og fylgdi hverjum knapa alla leið.

Æskulýðsnefnd, með aðstoð stjórnar, fjármagnaði kaup á reiðjökkum merktum félaginu fyrir alla þátttakendur Andvara. Hugmyndin var að allir notuðu þá meðan á mótinu stæði eins og kostur væri.

Gengi hópsins á Landsmóti var mjög gott. Í barnaflokki voru 2 börn í A úrslitum, Erla Alexandra Ólafsdóttir í 4ða sæti og Andri Ingason í 6. sæti. Í B úrslitum voru einnig tvö börn, Steinunn Elva Jónsdóttir í 11. sæti og Birna Ósk Ólafsdóttir í 12. sæti. Hér verður að segjast að stuðningur foreldra þessara barna er mikill og góður og hefur það örugglega haft sitt að segja. Í unglingsflokki fór einn knapi frá Andvara í milliriðil, Hulda Finnsdóttir en hún komst ekki áfram, lenti í 23. sæti á Kaldalóns frá Köldukinn með 8,22. Í ungmennaflokki komst einn knapi í A úrslit, Viggó Sigurðsson á Akk frá Brautarholti með 8,54 í 4. sæti og einn í B úrslit, Þórunn Hannesdóttir á Við frá Litlu tungu með 8,33 í 11. sæti. Við erum geysistolt af þessum árangri. Góður stuðningur foreldra er grundvallaratriði í velgengni hópsins að okkar mati og gleðilegt hve mikill og góður hann var.

Aðstaðan að Melsgili var mikið nýtt allan tímann sem einnig varð til þess að hópurinn var mikið saman. Það er mál manna að þetta sé glæsilegasta aðstaða sem og stuðningur við landsmótshóp barna og ungmenna sem verið hefur fram til þessa. Það er því í okkar huga ekki spurning að svona eigi þetta að vera í framtíðinni.

Myndir frá LM2006

(Þ.e. þær myndir sem bárust áður en skýrslan fór í endanlega vinnslu)



Birna og Vísir



Erla og Kostur



Andri Ingason og Fiðla frá Ásum



Við beitarhólf, reiðtygi þússuð



Svo þurfti nú líka að „sjæna“ sig!



Erla Alexandra Ólafsdóttir í 4. sæti



Andri Ingason í 6. sæti



Þórunn Hannesdóttir á Við frá Litlu tungu með 8,33



Hann gæti nú rignt !



Frá Melsgili

Myndir frá heimsókn Dönsku ungmenntanna

Dagsferðin 10 .apríl :



Morgunmatur fyrir ferðina



Morgunverðarhlaðborðið



Gengið niður Almannagjá



Hópurinn á leið niður að Gullfossi



Beðið eftir gosi við Geysi



Hádegissnarl við Geysi



Siggi Sig. sýnir Ægi frá Litlalandi ofl.



Kvöldmatur að Ármótum



Haflíði sýndi okkur hesthús og hesta



Degi hallar, komið í Austurkot



Páll Bragi hélt fyrir okkur sýningu



og veitingar á eftir

Heiðmerkurreiðtúrinn 11.apríl:



Lagt af stað í reiðtúrinn



Áð við Guðmundarlund



Lagt af stað áleiðis á Hjallana



Áð við Hjallaflatar



Nesti snætt



Gert klárt fyrir seinni hluta



Ríðið um Heiðmörk



Matthías og Sirrý leiddu hópinn



Þetta var heljar hópur



Fjölbreytt og skemmtileg leið



Síðasta áning



Ríðið í hlaðið á Andvaravöllum

Reiðkennsla og Keilufærð 12.apríl.



Sölvi gaf góð ráð



sem og Sigrún



Farið yfir málín



Svo að prófa þetta í raun



Komin í Keiluhöllina



Undir árvökulum augum fararstjóra



Svo var spilað



Nú átti að fella



Rabbi



Vinamótið- 13.apríl.



Dómararnir ráða ráðum sínum



Keppnin var hörð



Fótaskoðun, að sjálfsögðu



Allt lagt undir



Sirrý, Lise og Susanne að störfum á pallinum



Magga var klár með súkkulaðikökur



Viðurkenningarskjölum útbýtt



Lise og Sirrý gera klárt fyrir verðlaunin



Ánægðir verðlaunahafar



og fleiri verðlaun



Kökur, popp og ís á eftir



Íslenskur ís klikkar ekki

Heimfarardagurinn- Bláa lónið 14.apríl.



Lagt af stað frá Kjávöllum



Í Bláa lóninu



Dönsku fararstjórnir, Rabbi og Sirrý



Hópmynd af krökkunum



Kveðjustund í Leifsstöð



Mie og Gulla Jóna kveðjast

Aukaefni:

Sögur frá Fjóni:

Eftirtaldar sögur / frásagnir eru birtar á heimasíðu Skeifunnar á Fjóni í tengslum við heimsóknina til Íslands.

<http://www.skeifa.dk/www/home/index.asp>

Lige nu, den 12. april 2006, er 23 juniorer fra skeifa I Island sammen med 4 ledere og en forældre. Læs her hvad nogle af pigerne har oplevet indtil nu. Vi ville gerne vise jer nogle af alle de mange billeder der er blevet taget indtil nu, men det er ikke muligt når vi kun har en mobiltelefon som forbindelse til internettet.

Sofie skriver:

Den 9. april tog vi 23 piger og nogle voksne toget fra Nyborg station, til Kastrup lufthavn, og derfra flyveren til Keflavik.

Da vi landede og kom ind i lufthavnen, gik brand alarmerne i gang.

Højtalerne sagde at der var brand på anden sal, men der var ligesom ingen der rigtig reagerede på det...! Men det var falsk alarm.

Og sådan blev det bare ved, men vi kom godt og sikkert ud, og kom med den rigtige bus ud til den klub hvor vi skulle sove og have heste.

Næste dag stod vi op klokken 7, og fik noget morgen mad og sådan. Vi blev kørt ud til Þingvellir som var et sted hvor vikingerne holdt landsting. Og på vejen ud til det næste var vi lige forbi en ønskebrønd. Derefter blev vi kørt ud til Gullfoss som er et mega stort vandfald. Derefter ud til nogle Geysir.

Og så kørte vi ud til Siggí Sig som havde et stort stutteri, og verden største islænder. Den målte 168 cm i stang. Og så viste han os den anden højeste kåret hingst for bygning. Derefter tog vi ud til et andet stutteri som hedder Ámóti, hvor vi fik noget at spise. Der var virkelig nogle flotte stalde.

Til sidst tog vi ud til Austurkot hvor fik meget at vide om skridt arbejde og smidighed. Og efter der var vi alle sammen enorm trætte, men der var kl. også blevet omkring 22.00 (Islandsk tid).

Næste dag fik vi lov til at sove længe. Vi skulle først mødes kl. 12.30. Da kl. blev der omkring, kom de andre ude fra familierne og alle islæningene.



Da vi kom ud, kom de med vores heste, som vi skulle låne på rideturen. Da vi alle havde fået heste, og var klar dvs. fundet ud af om hestene passede til os, tog vi afsted. Vi red på en ridesti som var 4.4 km lang, og havde kostet 8.8 mio. (Islanske kr) (dvs. 880.000 Danske kr.)

På turen holdte vi nogle pauser. Ved en af pauserne kom der Rabbi på en bil, som havde fuldt os på hele turen, som havde både kaffe, sodavand, sandwich og kiks med.

Da vi kom hjem, og havde sat hestene på deres folde, tog nogle af os i svømmelhal, og andre tog i en rideudstyrs butik.

Da vi kom hjem lavede jeg, Agnethe, Siri, Michala, Louise, Laura, Laura og Camilla aftens mad. Vi skulle lave Spagetti med kødsovs. Det kom til at smage fint nok. Og så skulle vi have have popcorn til desert. Da vi havde spist dem bliver der jo nogle til overs. Agnethe og Louise skulle jo lige prøve at poppe kernerne i en gryde, men det blev til fast brandt sorte kerner. Hele køkkenet var et til mega tilrøget. Det var det muntre køkken.

Laura Nielsen skriver:

En dag i april, faktisk 9 april flyver 28 børn og voksne til island vi har glædet os siden junior lejren 2005, da vi havde besøg fra Island der er sket meget men nu skal vi besøge dem, de 8 mindste og 8 voksne er i klub huset de andre bliver inlogeret privat hos de islandske børn men først skal vi hygge alle børnene + de voksne både islandske og danske sov i klubhuset den første nat.

Dagen efter besøgte vi Tingvallir en stor slette med klippeskrænter og broer og floder så kørte vi ud til Gullfoss islands største vand fald der var helt utroligt meget kraft i det, det var utroligt vandet blev slynget tilbage når det ramte bunden af vandfaldet det regnede faktisk efter en våd ½ time. Kørte vi ud til Gejserene og så vandet det var kogende og skød flere meter op i luften isblåt og kraftfuldt vi skød flere billeder men min evige plage strøm snød mig og jeg missede et virkelig godt billed det var simpelhen gået død vi gik ind og købte mad jeg havde ikke fået et billed så jeg købte et postkort med en gejser da vi havde spist og købt ind kørte vi lidt forsinket ud til verdensmester i firegang Siggis og hans stutteri vi bliver vist rundt og ser bla. Verdens højeste islænder på. 168cm det så ret imponerende ud især da den blev vist med en almindelig hest ved siden bagefter tror jeg hans stolthed

blandt hingste den anden bedste kåret for bygning i verden og den var virkelig flot ! Helt kulsort og med en god ganart, hans "gode ven" fik han til at stejle og der var meget lyst alle ville fange det hesten blev sat ind igen og vi gik ud og kørte med bus lidt ned af vejen for at se ham ride med sin staldpige han red på hingsten

og den gik godt ! Bagefter takkede vi og fik taget de sidste billeder inden vi kørte ud til Armot endnu et topstutteri det var virkelig flot og vi så en masse meget smukke hingste vi blev til hjælp i en trænnings time og spiste aftens mad vi betalte 160,- og fik hamburger, chips og suppe vi spiste og kørte videre til det sidste stutteri

Austurkot jeg hved ikke hvordan de andre havde det men for mig var det det bedste stutteri staldene var ikke så gode men man kunne se at han var ked af det og han var imødekommende og hestene så glade ud i øjnene han red en hest og forklarede hver gang hvorfor han gjorder det og hvordan det hjalp bagefter kørte vi hjem ca. kl. 1:30 (dansk tid men min døgn rymte var stadig dansk så jeg var temmelig træt) kl. 2:00(dansk tid) var vi hjemme og det var utroligt dejligt bare at gå i seng. Fordi de andre danske børn skulle pakke sammen og finde den islæning de skulle bo hos.

Jeg vågnede kl. 6.50 (islandske tid) og måtte finde mig i at ligge mussestille fordi de andre skulle sove (der er altså mindre gode ting ved at tage sin mor med) da alle var vågne klædte vi os på. Spiste morgen mad og trak i overtøjet vi skulle første noget kl. 12:30 (islandsk tid) så nu skulle vi udforske tæt ved rideskolen lå en stor bakke den skulle vi bestige første gik vi over en ovalbane og fulgte en sti da den næsten ikke gik opad gik vi bare ind buskadset der var små buske men der var mest lyng og mos som klædte de store sten i et så tykt lag at det føltes som en pude når vi ventede på de sidste

jeg nød det selv fordi det var så storslået vi skulle ikke gå længe før vi stødte på et pigtråds hegn vi fulgte det lidt og fandt en låge som vi gik igemmen nu begyndte væksten at svinde og tilsidst var der kun kvikmudder tilbage (kvikmudder mudder der ligner kviksand) vi sank dybt i men vi kunne komme videre det var mest at hoppe fra sten til sten og de små mos,græs og lyng tuer, vi kom op på bakkens top og stod på de store sten og skreg jeg synes det var dejligt at se det hele vi kunne også se de store sneklædte bjerge og byen vi stod der ikke særlig længe fordi det blæste så vi gik ned jeg fulgte stien og hoppede over lågen jeg var træt så jeg lagde mig ned i græsset og faldt i søvn jeg vågnede 5-10 min senere og gik over til huset hvor Sirid og Micala allerede sad og så film jeg hentede min cola og chips og satte mig ned sammn med dem lidt efter kom Laura Sonne, Kamilla og Louise ikke de nåede kun at sætte sig ned før Agnete og Sofie kom ind, de ville gerne vide hvorfor



jeg havde ligget i græsset jeg fortalte dem hvorfor og så snakkede vi for filmen var på islandsk så var kl. omkring 12 så vi klædte om til ridetøj og gik ud hvor islæningene delte heste ud jeg fik en 25-26 årige der var ret livlig da vi red prøvede den at gallopere hvis der ikke var en hest lige foran det var virkelig ubehalig og jeg kunne ikke gøre noget da den overhovedet ikke reageret jeg byttede med min mor og fik en gammel konkurrence hest som bare var dejlig den plaskede igemmen alt og var så sød der var nogle islæningene der så den og udbrød et eller andet på islandsk jeg anede ikke hvad de sagde så jeg følte mig lidt til grin bag efter fik jeg at vide at det var fordi at den aldrig havde gået så godt med et barn før jeg blev lidt glad for de mente han kunne li mig så jeg aftalte med min mor at jeg red ham fra nu af vi red ned af en lava sti med flotte 100% islandske omgivelser vi fik virkelig tøltet og "Min Lille Vallak" som jeg kaldte ham fordi jeg ikke viste hvad han hed, han gik godt og vi nåede trygt hjem jeg fulgtes med pigen som ejede ham og han hed vis Todrrrovi før troede jeg han hed Coffein for det lød det som om jeg gav ham hestebolcher og klappede ham før jeg gik ind til de andre jeg tegnede meget og de andre syntes det var flot bagefter tog vi i udendørs svømmehal det var sjovt da vi kom hjem sminkede de sig og satte hår det ville jeg ikke være med til men jeg tog billeder og sådan. Jeg var temmelig træt så jeg faldt ret hurtigt i søvn jeg blev dog vækkede af min mor fordi hun ikke kunne finde shampooen og fordi jeg havde alt mit tøj på. inden der var gået 5 sek. sov jeg igen

Laura Sonne skriver:

Mandag formiddag kørte vi med bus ud til Þingvallir-sletten. Det var dér man i gamle dage holdt tinge.

Der var enormt flot, og det var spændende at tænke på alle de millioner mennesker der havde gået præcis der, hvor vi gik nu flere hundrede år efter! Vi gik forbi en sø, Þingvallirvatn. Alle de kvinder der havde været utro, blev druknet i netop denne sø.

<http://www.skeifa.dk/www/home/index.asp>